

# STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1970

---

12. maí 1970.

789

Nr. 301.

## AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968,  
skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinnna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2ó mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Stóra-Bretlands.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. maí 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Árni Snævarr.*

Nr. 302.

## AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1970.

Skrás. 1970, nr. 1.

Skráningard. 9. febrúar 1970.

Tilkynnt 2. des. 1966, kl. 14.30.

## KING COTTON

Cluett, Peabody & Co., Inc., iðjurekstur og verzlun, 530 Fifth Avenue, New York 10036, N.Y., Bandaríkin.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson, hrl., Reykjavík.  
Fatnaður, fatnaðarvörur.

(Fl. 25).

B 101

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.